

AUGLÝSING

um samning um sérréttindi og friðhelgi Alþjóðlega sakamáladómstólsins.

Hinn 1. desember 2003 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um sérréttindi og friðhelgi Alþjóðlega sakamáladómstólsins sem gerður var í New York 9. september 2002. Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 3. desember 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR um sérréttindi og friðhelgi Alþjóðlega sakamáladómstólsins.

Ríkin, sem eiga aðild að samningi þessum, hafa,

þar eð Alþjóðlega sakamáladómstólnum, sem hefur vald til þess að viðhafa lögsögu sína yfir mönnum vegna alvarlegustu glæpa í alþjóðlegu tilliti, var komið á fót með Rómarsamþykktinni um Alþjóðlega sakamáladómstólinn sem var samþykkt 17. júlí 1998 á ráðstefnu stjórnarereindreka sem var haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna,

þar eð í 4. gr. Rómarsamþykktarinnar er kveðið á um að Alþjóðlegi sakamáladómstólinn skuli hafa réttarstöðu sem alþjóðlegur lögaðili og það rétt hæfi sem honum er nauðsynlegt til að starfa og ná markmiðum sínum,

þar eð í 48. gr. Rómarsamþykktarinnar er kveðið á um að Alþjóðlegi sakamáladómstólinn skuli, á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis að Rómarsamþykktinni, njóta þeirra sérréttinda og þeirrar friðhelgi sem nauðsynleg eru til þess að hann geti náð markmiðum sínum,

orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Notkun hugtaka.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a) „samþykktin“ merkir Rómarsamþykktina um Alþjóðlega sakamáladómstólinn sem var samþykkt 17. júlí 1998 á ráðstefnu stjórnar-

AGREEMENT on the Privileges and Immunities of the International Criminal Court

The States Parties to the present Agreement,

Whereas the Rome Statute of the International Criminal Court adopted on 17 July 1998 by the United Nations Diplomatic Conference of Plenipotentiaries established the International Criminal Court with the power to exercise its jurisdiction over persons for the most serious crimes of international concern;

Whereas article 4 of the Rome Statute provides that the International Criminal Court shall have international legal personality and such legal capacity as may be necessary for the exercise of its functions and the fulfilment of its purposes;

Whereas article 48 of the Rome Statute provides that the International Criminal Court shall enjoy in the territory of each State Party to the Rome Statute such privileges and immunities as are necessary for the fulfilment of its purposes;

Have agreed as follows:

Article 1

Use of terms

For the purposes of the present Agreement:

- a) “The Statute” means the Rome Statute of the International Criminal Court adopted on 17 July 1998 by the United Nations Diplomatic

- erindreka sem var haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna um stofnun Alþjóðlegs sakamála-dómstóls;
- b) „dómstóllinn“ merkir Alþjóðlega sakamála-dómstóllinn sem var stofnsettur með samþykktinni;
- c) „aðildarríki“ merkir ríki sem eiga aðild að samningi þessum;
- d) „fulltrúar aðildarríkja“ merkir alla sendimenn, varamenn sendimanna, ráðgjafa, tæknifræðinga og ritara sendinefnda;
- e) „þing“ merkir þing þeirra ríkja sem eiga aðild að samþykktinni;
- f) „dómarar“ merkir dómara dómstólsins;
- g) „dómstjórn“ merkir stjórn sem forseti og fyrsti og annar varaforseti dómstólsins mynda;
- h) „saksóknari“ merkir þann saksóknara sem þingið kýs í samræmi við 4. mgr. 42. gr. samþykktarinnar;
- i) „varasaksóknarar“ merkir þá varasaksóknara sem þingið kýs í samræmi við 4. mgr. 42. gr. samþykktarinnar;
- j) „dómritari“ merkir þann dómritara sem dómstóllinn kýs í samræmi við 4. mgr. 43. gr. samþykktarinnar;
- k) „varadómritari“ merkir þann varadómritara sem dómstóllinn kýs í samræmi við 4. mgr. 43. gr. samþykktarinnar;
- l) „lögmaður“ merkir verjanda og lögmenn fórnarlamba;
- m) „aðalframkvæmdastjóri“ merkir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna;
- n) „fulltrúar milliríkjastofnana“ merkir framkvæmdastjóra milliríkjastofnana, meðal annars embættismenn sem koma fram fyrir hönd framkvæmdastjóranna;
- o) „Vínarsamningur“ merkir Vínarsamninginn um stjórn málasamband frá 18. apríl 1961;
- p) „reglur um málsmeðferð og sönnun“ merkir reglur um málsmeðferð og sönnun samþykktar í samræmi við 51. gr. samþykktarinnar.
- Conference of Plenipotentiaries on the Establishment of an International Criminal Court;
- b) “The Court” means the International Criminal Court established by the Statute;
- c) “States Parties” means States Parties to the present Agreement;
- d) “Representatives of States Parties” means all delegates, deputy delegates, advisers, technical experts and secretaries of delegations;
- e) “Assembly” means the Assembly of States Parties to the Statute;
- f) “Judges” means the judges of the Court;
- g) “The Presidency” means the organ composed of the President and the First and Second Vice-Presidents of the Court;
- h) “Prosecutor” means the Prosecutor elected by the Assembly in accordance with article 42, paragraph 4, of the Statute;
- i) “Deputy Prosecutors” means the Deputy Prosecutors elected by the Assembly in accordance with article 42, paragraph 4, of the Statute;
- j) “Registrar” means the Registrar elected by the Court in accordance with article 43, paragraph 4, of the Statute;
- k) “Deputy Registrar” means the Deputy Registrar elected by the Court in accordance with article 43, paragraph 4, of the Statute;
- l) “Counsel” means defence counsel and the legal representatives of victims;
- m) “Secretary-General” means the Secretary-General of the United Nations;
- n) “Representatives of intergovernmental organizations” means the executive heads of intergovernmental organizations, including any official acting on his or her behalf;
- o) “Vienna Convention” means the Vienna Convention on Diplomatic Relations of 18 April 1961;
- p) “Rules of Procedure and Evidence” means the Rules of Procedure and Evidence adopted in accordance with article 51 of the Statute.

2. gr.

Réttarstaða og lögformleg staða dómstólsins.

Dómstóllinn skal hafa réttarstöðu sem alþjóðlegur lögaðili og það réttshæfi sem honum er nauðsynlegt til að starfa og ná markmiðum sínum. Hann skal, einkum og sér í lagi, vera hæfur til að gera samninga, festa kaup á fast-

Article 2

Legal status and juridical personality of the Court

The Court shall have international legal personality and shall also have such legal capacity as may be necessary for the exercise of its functions and the fulfilment of its purposes. It shall, in particular, have the capacity to contract, to

eignum og lausafé og ráðstafa slíkum eignum og vera þátttakandi í málarekstri.

3. gr.

Almenn ákvæði um sérréttindi og friðhelgi dómstólsins.

Dómstóllinn skal njóta, á landsvæði hvers aðildarríkis, þeirra sérréttinda og friðhelgi sem honum eru nauðsynleg til að ná markmiðum sínum.

4. gr.

Helgi athafnasvæðis dómstólsins.

Athafnasvæði dómstólsins skal vera friðlýst.

5. gr.

Fáni, tákn og merkingar.

Dómstólnum ber réttur til að sýna fána sinn, tákn sitt og merkingar á athafnasvæði sínu og á ökutækjum og öðrum samgöngutækjum til opinberra nota.

6. gr.

Friðhelgi dómstólsins, eigna hans, sjóða og eignamuna.

1. Dómstóllinn, eignir hans, sjóðir og eignamunir skulu, hvar sem þau eru staðsett og hver sem varðveitir þau, njóta friðhelgi að því er varðar málarekstur, nema að því marki sem dómstóllinn hefur, í tilteknu máli, svipt friðhelgi sérstaklega. Engu að síður ríkir sá skilningur að svipting friðhelgi nái aldrei til ráðstafana til fullnustu.
2. Eignir dómstólsins, sjóðir hans og eignamunir skulu, hvar sem þau eru staðsett og hver sem varðveitir þau, njóta friðhelgi að því er varðar leit, löghald, kröfu um afhendingu, upptöku, eignarnám og íhlutun af hvaða tagi sem er og hvort sem um ræðir aðgerðir á sviði fullnustu, stjórnslu, dómsmála eða laga.
3. Eignir dómstólsins, sjóðir hans og eignamunir skulu, hvar sem þau eru staðsett og hver sem varðveitir þau, vera undanþegin hvers kyns takmörkunum, reglusetningu, eftirliti og stöðvun að því marki sem nauðsynlegt er til að hann nái markmiðum sínum.

7. gr.

Helgi skjalasafna og skjala.

Skjalasöfn dómstólsins, ásamt öllum pappírnum og gögnum í hvaða mynd sem er, og efni, sem er sent til eða frá dómstólnum og hann varðveitir eða tilheyrir honum, skulu vera friðlýst, hvar sem

acquire and to dispose of immovable and movable property and to participate in legal proceedings.

Article 3

General provisions on privileges and immunities of the Court

The Court shall enjoy in the territory of each State Party such privileges and immunities as are necessary for the fulfilment of its purposes.

Article 4

Inviolability of the premises of the Court

The premises of the Court shall be inviolable.

Article 5

Flag, emblem and markings

The Court shall be entitled to display its flag, emblem and markings at its premises and on vehicles and other means of transportation used for official purposes.

Article 6

Immunity of the Court, its property, funds and assets

1. The Court, and its property, funds and assets, wherever located and by whomsoever held, shall be immune from every form of legal process, except insofar as in any particular case the Court has expressly waived its immunity. It is, however, understood that no waiver of immunity shall extend to any measure of execution.
2. The property, funds and assets of the Court, wherever located and by whomsoever held, shall be immune from search, seizure, requisition, confiscation, expropriation and any other form of interference, whether by executive, administrative, judicial or legislative action.
3. To the extent necessary to carry out the functions of the Court, the property, funds and assets of the Court, wherever located and by whomsoever held, shall be exempt from restrictions, regulations, controls or moratoria of any nature.

Article 7

Inviolability of archives and documents

The archives of the Court, and all papers and documents in whatever form, and materials being sent to or from the Court, held by the Court or belonging to it, wherever located and by whom-

þau eru staðsett og hver sem varðveitir þau. Aflýsing slíkrar helgi, eða sé ekki um hana að ræða, hefur ekki áhrif á verndarráðstafanir sem dómstóllinn kann að gefa fyrir mæli um samkvæmt samþykktinni og reglum um málsmeðferð og sönnun að því er varðar skjöl og efni sem dómstóllinn fær aðgang að eða notar.

8. gr.

Undanþága frá sköttum, tollum og inn- og útflutningshöftum.

1. Dómstóllinn, eigur hans, tekjur og aðrar eignir, ásamt rekstri hans og viðskiptum, skulu undanþegin öllum beinum sköttum, m.a. tekjuskatti, eiginfjárskatti og fyrirtækjaskatti og beinum sköttum sem sveitar- og héraðsstjórnir leggja á. Engu að síður ríkir sá skilningur að dómstóllinn skuli ekki fara fram á undanþágu frá sköttum sem eru, í raun, ekki annað en gjöld fyrir almannaþjónustu sem er látin í té fyrir fast gjald sem fer eftir umfangi þjónustunnar og sérstaklega er unnt að bera kennsl á, lýsa og sundurliða.
2. Dómstóllinn skal undanþeginn öllum tollum, veltusköttum af innflutningi og innflutnings- og útflutningsbönum og -takmörkunum vegna vara sem dómstóllinn flytur inn eða út til opinberra nota og vegna útgáfustarfsemi sinnar.
3. Óheimilt er að selja eða ráðstafa, á landsvæði aðildarríkis, vörum, sem eru fluttar inn eða keyptar samkvæmt fyrrnefndri undanþágu, nema samkvæmt skilyrðum sem samið er um við til þess bær yfirvöld þess.

9. gr.

Endurgreiðsla tolla og/eða skatta.

1. Almennt skal dómstóllinn ekki fara fram á undanþágu frá inniföldum tollum og/eða sköttum í verði fasteigna og annarra eigna og gjöldum greiddum fyrir veitta þjónustu. Aðildarríkin skulu engu að síður, sé um umtalsverð kaup dómstólsins að ræða á eignum, vörum eða þjónustu til opinberra nota sem á eru lagðir eða leggja ber á samþærilega tolla og/eða skatta, gera stjórnvaldsráðstafanir til að veita undanþágu frá slíkum gjöldum eða endurgreiða þann toll og/eða skatt sem greiddur hefur verið.
2. Óheimilt er að selja eða ráðstafa með öðrum hætti vörum, sem eru keyptar með þeirri undanþágu eða endurgreiðslu sem fyrr greinir,

soever held, shall be inviolable. The termination or absence of such inviolability shall not affect protective measures that the Court may order pursuant to the Statute and the Rules of Procedure and Evidence with regard to documents and materials made available to or used by the Court.

Article 8

Exemption from taxes, customs duties and import or export restrictions

1. The Court, its assets, income and other property and its operations and transactions shall be exempt from all direct taxes, which include, inter alia, income tax, capital tax and corporation tax, as well as direct taxes levied by local and provincial authorities. It is understood, however, that the Court shall not claim exemption from taxes which are, in fact, no more than charges for public utility services provided at a fixed rate according to the amount of services rendered and which can be specifically identified, described and itemized.
2. The Court shall be exempt from all customs duties, import turnover taxes and prohibitions and restrictions on imports and exports in respect of articles imported or exported by the Court for its official use and in respect of its publications.
3. Goods imported or purchased under such an exemption shall not be sold or otherwise disposed of in the territory of a State Party, except under conditions agreed with the competent authorities of that State Party.

Article 9

Reimbursement of duties and/or taxes

1. The Court shall not, as a general rule, claim exemption from duties and/or taxes which are included in the price of movable and immovable property and taxes paid for services rendered. Nevertheless, when the Court for its official use makes major purchases of property and goods or services on which identifiable duties and/or taxes are charged or are chargeable, States Parties shall make appropriate administrative arrangements for the exemption of such charges or reimbursement of the amount of duty and/or tax paid.
2. Goods purchased under such an exemption or reimbursement shall not be sold or otherwise disposed of, except in accordance with the

nema í samræmi við þau skilyrði sem aðildarríkið, sem veitti undanþáguna eða endurgreiddi gjöldin, mælir fyrir um. Eigi skal veita undanþágu vegna gjalda eða endurgreiða gjöld fyrir almannabjónustu sem dómstólnum er látin í té.

10. gr.

*Sjóðir og undanþága
frá gjaldeyristakmörkunum.*

1. Án þess að vera bundinn af fjárhagseftirliti, fjárhagsreglugerðum eða fjárhagslegum stöðvunum þegar hann stundar starfsemi sína:
 - a) getur dómstóllinn haft undir höndum sjóði, fé í hvaða gjaldmiðli sem er eða gull og haldið reikninga í hvaða gjaldmiðli sem er;
 - b) er dómstólnum frjálst að yfirfæra sjóði sína, gull eða gjaldeyri frá einu landi til annars eða innan hvaða lands sem er og að breyta gjaldeyri, sem hann hefur undir höndum, í hvaða annan gjaldmiðil sem er;
 - c) getur dómstóllinn tekið við, haft undir höndum, samið um, yfirfært eða sýslað með skuldabréf og önnur verðbréf;
 - d) skal dómstóllinn hljóta meðferð sem er ekki óhagstæðari en hlutaðeigandi aðildarríki veitir milliríkjastofnunum eða sendiráðum að því er varðar gengisskráningu í tengslum við millifærslu fjármuna.
2. Þegar dómstóllinn neytir réttinda sinna skv. 1. mgr. skal hann taka eðlilegt tillit til formlegra andmæla hvaða aðildarríkis sem er svo fremi að talið sé unnt að taka slík andmæli til greina án þess að hagsmunir dómstólsins skaðist.

11. gr.

Aðstaða til samskipta.

1. Að því er varðar opinber samskipti og bréfaskipti skal dómstóllinn hljóta meðferð á landsvæði hvers aðildarríkis sem er ekki óhagstæðari en hlutaðeigandi aðildarríki veitir milliríkjastofnunum eða sendiráðum með tilliti til forgangs, gjalda og skatta sem gilda um póst og samskipti og bréfaskipti af ýmsu tagi.
2. Eigi skal ritskoða opinber samskipti eða bréfaskipti dómstólsins.

conditions laid down by the State Party which granted the exemption or reimbursement. No exemption or reimbursement shall be accorded in respect of charges for public utility services provided to the Court.

Article 10

Funds and freedom from currency restrictions

1. Without being restricted by financial controls, regulations or financial moratoriums of any kind, while carrying out its activities:
 - a) The Court may hold funds, currency of any kind or gold and operate accounts in any currency;
 - b) The Court shall be free to transfer its funds, gold or its currency from one country to another or within any country and to convert any currency held by it into any other currency;
 - c) The Court may receive, hold, negotiate, transfer, convert or otherwise deal with bonds and other financial securities;
 - d) The Court shall enjoy treatment not less favourable than that accorded by the State Party concerned to any intergovernmental organization or diplomatic mission in respect of rates of exchange for its financial transactions.
2. In exercising its rights under paragraph 1, the Court shall pay due regard to any representations made by any State Party insofar as it is considered that effect can be given to such representations without detriment to the interests of the Court.

Article 11

Facilities in respect of communications

1. The Court shall enjoy in the territory of each State Party for the purposes of its official communications and correspondence treatment not less favourable than that accorded by the State Party concerned to any intergovernmental organization or diplomatic mission in the matter of priorities, rates and taxes applicable to mail and the various forms of communication and correspondence.
2. No censorship shall be applied to the official communications or correspondence of the Court.

3. Dómstólnum er heimilt að beita öllum viðeigandi samskiptaaðferðum, meðal annars raf-rænum samskiptaaðferðum, og ber réttur til að nota kóða og dulmál í opinberum samskiptum sínum og bréfaskiptum. Dómstóllinn skal njóta friðhelgi að því er varðar opinber samskipti og bréfaskipti.
4. Dómstóllinn á rétt á að senda og taka við bréfum og öðru efni eða orðsendingum með boðberum eða í innsigliðum sekkjum sem um skulu gilda sömu sérréttindi, friðhelgi og aðstaða og um boðbera og sekki sendiráða væri að ræða.
5. Dómstóllinn á rétt á að starfrækja þráðlausan fjarskiptabúnað og annan fjarskiptabúnað á þeim tíðnisviðum sem aðildarríkin úthluta honum í samræmi við innlendar verklagsreglur. Aðildarríkin skulu leitast við að úthluta dómstólnum þeim tíðnisviðum, sem hann hefur sótt um, að því leyti sem við verður komið.

12. gr.

Hlutverki dómstólsins gegnt utan höfuðstöðva hans.

Telji dómstóllinn æskilegt, skv. 3. mgr. 3. gr. samþykktarinnar, að sitja annars staðar en í aðalstöðvum sínum í Haag í Hollandi getur dómstóllinn samið við hlutaðeigandi ríki um að honum verði látin í té viðeigandi starfsaðstaða.

13. gr.

Fulltrúar ríkja á þinginu og hjá undirstofnunum þess og fulltrúar milliríkjastofnana.

1. Fulltrúar ríkja, sem eiga aðild að samþykktinni og sækja fundi þingsins og undirstofnana þess, fulltrúar annarra ríkja, sem kunna að sækja fundi þingsins og undirstofnana þess sem áheyrnarfulltrúar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. samþykktarinnar, og fulltrúar ríkja og milliríkjastofnana, sem er boðin þátttaka í fundum þingsins og undirstofnana þess, skulu njóta eftirfarandi sérréttinda og friðhelgi þegar þeir gegna opinberum hlutverkum sínum og á ferðum sínum til og frá fundarstað:
 - a) friðhelgi að því er varðar handtöku eða varðhald;

3. The Court may use all appropriate means of communication, including electronic means of communication, and shall have the right to use codes or cipher for its official communications and correspondence. The official communications and correspondence of the Court shall be inviolable.
4. The Court shall have the right to dispatch and receive correspondence and other materials or communications by courier or in sealed bags, which shall have the same privileges, immunities and facilities as diplomatic couriers and bags.
5. The Court shall have the right to operate radio and other telecommunication equipment on any frequencies allocated to it by the States Parties in accordance with their national procedures. The States Parties shall endeavour to allocate to the Court, to the extent possible, frequencies for which it has applied.

Article 12

Exercise of the functions of the Court outside its headquarters

In the event that the Court, pursuant to article 3, paragraph 3, of the Statute, considers it desirable to sit elsewhere than at its headquarters at The Hague in the Netherlands, the Court may conclude with the State concerned an arrangement concerning the provision of the appropriate facilities for the exercise of its functions.

Article 13

Representatives of States participating in the Assembly and its subsidiary organs and representatives of intergovernmental organizations

1. Representatives of States Parties to the Statute attending meetings of the Assembly and its subsidiary organs, representatives of other States that may be attending meetings of the Assembly and its subsidiary organs as observers in accordance with article 112, paragraph 1, of the Statute, and representatives of States and of intergovernmental organizations invited to meetings of the Assembly and its subsidiary organs shall, while exercising their official functions and during their journey to and from the place of meeting, enjoy the following privileges and immunities:
 - a) Immunity from personal arrest or detention;

- b) friðhelgi að því er varðar hvers kyns málarekstur vegna orða í ræðu eða riti og allra gerða þeirra í þágu starfa þeirra; slíka friðhelgi skal veita áfram þrátt fyrir að hlutaðeigandi einstaklingar kunni að hafa lokið hlutverki sínu sem fulltrúar;
- c) friðhelgi að því er varðar alla pappíra og skjöl í hvaða mynd sem er;
- d) réttar til að nota kóða eða dulmál, taka við pappírnum og skjölum eða bréfum sem boðberar færa eða berast í innsigliðum sekkjum og að taka við og senda rafræn skilaboð;
- e) undanþágu frá takmörkunum sem gilda um innflytjendur, kröfum sem gilda um skráningu útlendinga og kvöðum um að gegna samfélagsþjónustu í því aðildarríki sem þeir heimsækja eða fara um þegar þeir gegna hlutverkum sínum;
- f) sömu sérréttinda að því er varðar gjaldmiðla og gjaldeyris skipti og fulltrúum erlendra ríkja, sem eru í tímabundnum opinberum erindagerðum, bjóðast;
- g) sömu friðhelgi og aðstöðu að því er varðar persónulegan farangur og er veitt stjórnarerindrekum samkvæmt Vínarsamningnum;
- h) sömu verndar og heimsendingaraðstöðu og er veitt stjórnarerindrekum samkvæmt Vínarsamningnum þegar alþjóðlegt hættuástand ríkir;
- i) annarra sérréttinda, friðhelgi og aðstöðu sem eru ekki í ósamræmi við það sem að framan greinir og stjórnarerindrekar njóta, að því undanskildu að þeir skulu ekki njóta réttar til að fara fram á undanþágu frá tollum á innfluttar vörur (að þeim undanskildum sem eru hluti af persónulegum farangri þeirra) eða frá vörugjaldi eða söluskatti.
2. Sé skattlagning af einhverju tagi háð búsetu skulu tímabil, þegar fulltrúarnir, sem er lýst í 1. mgr. og sækja fundi þingsins og undirstofnana þess, eru staddir í aðildarríki til þess að gegna skyldum sínum, ekki talin búsetutími.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar gilda ekki í samskiptum fulltrúa og yfirvalda þess aðildarríkis þar sem hann hefur ríkisfang eða
- b) Immunity from legal process of every kind in respect of words spoken or written, and all acts performed by them in their official capacity; such immunity shall continue to be accorded notwithstanding that the persons concerned may have ceased to exercise their functions as representatives;
- c) Inviolability of all papers and documents in whatever form;
- d) The right to use codes or cipher, to receive papers and documents or correspondence by courier or in sealed bags and to receive and send electronic communications;
- e) Exemption from immigration restrictions, alien registration requirements and national service obligations in the State Party they are visiting or through which they are passing in the exercise of their functions;
- f) The same privileges in respect of currency and exchange facilities as are accorded to representatives of foreign Governments on temporary official missions;
- g) The same immunities and facilities in respect of their personal baggage as are accorded to diplomatic envoys under the Vienna Convention;
- h) The same protection and repatriation facilities as are accorded to diplomatic agents in time of international crisis under the Vienna Convention;
- i) Such other privileges, immunities and facilities not inconsistent with the foregoing as diplomatic agents enjoy, except that they shall have no right to claim exemption from customs duties on goods imported (otherwise as part of their personal baggage) or from excise duties or sales taxes.
2. Where the incidence of any form of taxation depends upon residence, periods during which the representatives described in paragraph 1 attending the meetings of the Assembly and its subsidiary organs are present in a State Party for the discharge of their duties shall not be considered as periods of residence.
3. The provisions of paragraphs 1 and 2 of this article are not applicable as between a representative and the authorities of the State

þess aðildarríkis eða milliríkjastofnunar sem hann er eða hefur verið fulltrúi fyrir.

14. gr.

*Fulltrúar ríkja sem eru þátttakendur í mála-
rekstri fyrir dómstólnum.*

Fulltrúar ríkja, sem eru þátttakendur í mála-
rekstri fyrir dómstólnum, skulu, þegar þeir gegna
opinberum hlutverkum sínum og þegar þeir ferð-
ast til og frá þeim stað þar sem málareksturinn fer
fram, njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi sem um
getur í 13. gr.

15. gr.

*Dómarar, saksóknari, varasaksóknarar
og dómritari.*

1. Dómarar, saksóknari, varasaksóknarar og
dómritari skulu, þegar þeir starfa við eða í
tengslum við málefni dómstólsins, njóta
sömu sérréttinda og friðhelgi og yfirmönnum
sendiráða er veitt og skal, eftir að skipunar-
tími þeirra er á enda, veita þeim áfram frið-
helgi að því er varðar málarekstur af hvaða
tagi sem er vegna orða sem hafa fallið í ræðu
eða riti og athafna þeirra í þágu starfa þeirra.
2. Láta ber dómurum, saksóknara, varasaksókn-
urum og dómritara, ásamt fjölskyldumeð-
limum þeirra sem eru heimilisfastir hjá þeim,
í té alla aðstöðu til að yfirgefa það land þar
sem þeir kunna að vera og til að koma inn í
og yfirgefa landið þar sem dómstóllinn hefur
aðsetur. Á ferðum sínum í tengslum við störf
sín skulu dómarar, saksóknari, varasaksókn-
arar og dómritari njóta, í öllum aðildarríkjum
sem þeir kunna að þurfa að fara um, allra sér-
réttinda, friðhelgi og aðstöðu sem aðildarríki
veita stjórnarerindrekum við svipaðar að-
stæður samkvæmt Vínarsamningnum.
3. Hafi dómarar, saksóknari, varasaksóknarar
og dómritari búsetu í öðru aðildarríki en því
þar sem þeir hafa ríkisfang eða fasta búsetu í
því skyni að vera til taks fyrir dómstóllinn skal
veita þeim, ásamt fjölskyldumeðlimum þeirra
sem eru heimilisfastir hjá þeim, diplómatsk
sérréttindi, friðhelgi og aðstöðu meðan búseta
þeirra varir.

Party of which he or she is a national or of
the State Party or intergovernmental organi-
zation of which he or she is or has been a rep-
resentative.

Article 14

*Representatives of States participating in the
proceedings of the Court*

Representatives of States participating in the
proceedings of the Court shall, while exercising
their official functions, and during their journey
to and from the place of the proceedings, enjoy
the privileges and immunities referred to in arti-
cle 13.

Article 15

*Judges, Prosecutor, Deputy Prosecutors and
Registrar*

1. The judges, the Prosecutor, the Deputy
Prosecutors and the Registrar shall, when
engaged on or with respect to the business of
the Court, enjoy the same privileges and
immunities as are accorded to heads of diplo-
matic missions and shall, after the expiry of
their terms of office, continue to be accord-
ed immunity from legal process of every kind
in respect of words which had been spoken
or written and acts which had been per-
formed by them in their official capacity.
2. The judges, the Prosecutor, the Deputy
Prosecutors and the Registrar and members
of their families forming part of their house-
holds shall be accorded every facility for
leaving the country where they may happen
to be and for entering and leaving the coun-
try where the Court is sitting. On journeys in
connection with the exercise of their func-
tions, the judges, the Prosecutor, the Deputy
Prosecutors and the Registrar shall in all
States Parties through which they may have
to pass enjoy all the privileges, immunities
and facilities granted by States Parties to
diplomatic agents in similar circumstances
under the Vienna Convention.
3. If a judge, the Prosecutor, a Deputy Pros-
ecutor or the Registrar, for the purpose of
holding himself or herself at the disposal of
the Court, resides in any State Party other
than that of which he or she is a national or
permanent resident, he or she shall, together
with family members forming part of his or
her household, be accorded diplomatic privi-
leges, immunities and facilities during the
period of residence.

4. Látu ber dómurum, saksóknara, varasaksóknurum og dómritara, ásamt fjölskyldumeðlimum þeirra sem eru heimilisfastir hjá þeim, í té sömu aðstöðu til heimsendingar, þegar alþjóðlegt hættuástand ríkir, og stjórnarerindrekar njóta samkvæmt Vínarsamningnum.
5. Ákvæði 1. til 4. mgr. þessarar greinar gilda um dómara við dómstólinn, jafnvel eftir að skipunartími þeirra er á enda, gegni þeir áfram hlutverkum sínu í samræmi við 10. mgr. 36. gr. samþykktarinnar.
6. Laun, þóknunir og hlunnindi, sem dómstóllinn greiðir dómurum, saksóknara, varasaksóknurum og dómritara, skulu undanþegin skatti. Sé skattlagning af einhverju tagi háð búsetu skulu tímabil, þegar dómarnir, saksóknarinn, varasaksóknararnir og dómritarinn eru staddir í aðildarríki til þess að gegna hlutverkum sínum, ekki talin búsetutími að því er varðar skattlagningu. Aðildarríkjum er heimilt að taka mið af þessum launum, þóknunum og hlunnindum í því skyni að meta álagningu skatta á tekjur annars staðar frá.
7. Aðildarríkjum ber ekki skylda til að undanþiggja tekjuskatti eftirlaun eða lífeyri sem er greiddur fyrrverandi dómurum, saksóknurum og dómriturum og einstaklingum á framfæri þeirra.
4. The judges, the Prosecutor, the Deputy Prosecutors and the Registrar and members of their families forming part of their households shall be accorded the same repatriation facilities in time of international crisis as are accorded to diplomatic agents under the Vienna Convention.
5. Paragraphs 1 to 4 of this article shall apply to judges of the Court even after their term of office has expired if they continue to exercise their functions in accordance with article 36, paragraph 10, of the Statute.
6. The salaries, emoluments and allowances paid to the judges, the Prosecutor, the Deputy Prosecutors and the Registrar by the Court shall be exempt from taxation. Where the incidence of any form of taxation depends upon residence, periods during which the judges, the Prosecutor, the Deputy Prosecutors and the Registrar are present in a State Party for the discharge of their functions shall not be considered as periods of residence for purposes of taxation. States Parties may take these salaries, emoluments and allowances into account for the purpose of assessing the amount of taxes to be applied to income from other sources.
7. States Parties shall not be obliged to exempt from income tax pensions or annuities paid to former judges, Prosecutors and Registrars and their dependants.

16. gr.

Varadómritari, starfslið skrifstofu saksóknara og starfslið skrifstofu dómritara.

1. Varadómritari, starfslið skrifstofu saksóknara og starfslið skrifstofu dómritara skulu njóta þeirra sérréttinda, friðhelgi og aðstöðu sem er nauðsynleg til þess að þau geti gegn hlutverkum sínum á sjálfstæðan hátt. Þeim ber að veita:
 - a) friðhelgi að því er varðar handtöku eða varðhald og það að löghald sé lagt á persónulegan farangur þeirra;
 - b) friðhelgi að því er varðar hvers kyns málarekstur vegna orða í ræðu eða riti og allra gerða þeirra í þágu starfa þeirra; slíka friðhelgi skal veita áfram jafnvel eftir að ráðningu þeirra hjá dómstólnum lýkur;
 - c) friðhelgi að því er varðar alla opinberra pappíra og skjöl í hvaða mynd eða úr hvaða efni sem er;

Article 16

Deputy Registrar, staff of the Office of the Prosecutor and staff of the Registry

1. The Deputy Registrar, the staff of the Office of the Prosecutor and the staff of the Registry shall enjoy such privileges, immunities and facilities as are necessary for the independent performance of their functions. They shall be accorded:
 - a) Immunity from personal arrest or detention and from seizure of their personal baggage;
 - b) Immunity from legal process of every kind in respect of words spoken or written and all acts performed by them in their official capacity, which immunity shall continue to be accorded even after termination of their employment with the Court;
 - c) Inviolability for all official papers and documents in whatever form and materials;

- d) undanþágu frá skattlagningu á laun, þókn-anir og hlunnindi sem dómstóllinn greiðir þeim. Aðildarríkjum er heimilt að taka mið af þessum launum, þóknunum og hlunnindum í því skyni að meta álagningu skatta á tekjur annars staðar frá;
- e) undanþágu frá kvöðum um að gegna sam-félagsþjónustu;
- f) ásamt fjölskyldumeðlimum þeirra sem eru heimilisfastir hjá þeim, undanþágu frá takmörkunum sem gilda um innflytjendur eða frá skráningu útlendinga;
- g) undanþágu frá skoðun persónulegs far-angurs nema rík ástæða sé til að ætla að í farangrinum leynist hlutir sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi aðildarríkis er óheimilt að flytja inn eða út eða skulu sæta eftirliti samkvæmt reglum þess um sóttvarnir; í slíkum tilvikum skal skoðun fara fram að hlutaðeigandi embættis-manni viðstöddum;
- h) sömu sérréttindi, að því er varðar gjald-miðla og gjaldeyrisskipti, og embættis-mönnum, sem gegna sambærilegum stöðum og starfa í sendiráðum sem stofnuð hafa verið í hlutaðeigandi aðild-arríki, eru látin í té;
- i) ásamt fjölskyldumeðlimum þeirra sem eru heimilisfastir hjá þeim, sömu heim-sendingaradstöðu og stjórnarerindrekum er látin í té samkvæmt Vínarsamningnum þegar alþjóðlegt hættuástand ríkir;
- j) rétt til þess að flytja inn tollfrjálst og skattfrítt, nema ef um ræðir þjónustu-gjöld, húsgögn sín og muni, þegar þeir taka við stöðu sinni í fyrsta sinn í viðkom-andi aðildarríki, og að flytja út á ný húsgögn sín og muni tollfrjálst og skattfrítt til þess lands þar sem þeir hafa fasta búsetu.
2. Aðildarríkjum ber ekki skylda til að undan-þiggja tekjuskatti eftirlaun eða lífeyri sem er greiddur fyrirverandi varadómriturum, starfs-liði skrifstofu saksóknara, starfsliði skrifstofu dómritara og einstaklingum á framfæri þeirra.
- d) Exemption from taxation on the salaries, emoluments and allowances paid to them by the Court. States Parties may take these salaries, emoluments and allow-ances into account for the purpose of assessing the amount of taxes to be applied to income from other sources;
- e) Exemption from national service obliga-tions;
- f) Together with members of their families forming part of their household, exemp-tion from immigration restrictions or alien registration;
- g) Exemption from inspection of personal baggage, unless there are serious grounds for believing that the baggage contains articles the import or export of which is prohibited by the law or controlled by the quarantine regulations of the State Party concerned; an inspection in such a case shall be conducted in the presence of the official concerned;
- h) The same privileges in respect of curren-cy and exchange facilities as are accord-ed to the officials of comparable rank of diplomatic missions established in the State Party concerned;
- i) Together with members of their families forming part of their household, the same repatriation facilities in time of interna-tional crisis as are accorded to diplomati-c agents under the Vienna Convention;
- j) The right to import free of duties and taxes, except payments for services, their furniture and effects at the time of first taking up post in the State Party in ques-tion and to re-export their furniture and effects free of duties and taxes to their country of permanent residence.
2. States Parties shall not be obliged to exempt from income tax pensions or annuities paid to former Deputy Registrars, members of the staff of the Office of the Prosecutor, mem-bers of the staff of the Registry and their dependants.

17. gr.

Starfsmenn ráðnir á staðnum sem samningur þessi gildir ekki um að öðru leyti.

Veita ber starfsmönnum, sem dómstóllinn ræður á staðnum og samningur þessi gildir ekki um að öðru leyti, friðhelgi að því er varðar mála-rekstur vegna orða í ræðu eða riti og allra gerða

Article 17

Personnel recruited locally and not otherwise covered by the present Agreement

Personnel recruited by the Court locally and not otherwise covered by the present Agreement shall be accorded immunity from legal process in respect of words spoken or written and all acts

þeirra í þágu starfa þeirra fyrir dómstólinn. Veita ber áfram fyrrnefnda friðhelgi, eftir að viðkomandi hættir störfum hjá dómstólnum, að því er varðar starfsemi sem fer fram á vegum dómstólsins. Meðan fyrrnefndir starfsmenn eru ráðnir skal og veita þeim nauðsynlega friðhelgi til þess að þeir geti gegnt hlutverkum sínum fyrir dómstólinn á sjálfstæðan hátt.

18. gr.

Lögmenn og einstaklingar sem aðstoða verjendur.

1. Lögmenn skulu njóta eftirtalinna sérréttinda, friðhelgi og aðstöðu að því marki sem er nauðsynlegt til að þeir geti gegnt hlutverkum sínum á sjálfstæðan hátt, meðal annars á ferðum í tengslum við störf sín og með fyrirvara um framvísun skírteinis sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar:
 - a) friðhelgi að því er varðar handtöku eða varðhald og það að löghald sé lagt á persónulegan farangur þeirra;
 - b) friðhelgi að því er varðar hvers kyns málarekstur vegna orða í ræðu eða riti og allra gerða þeirra í þágu starfa þeirra; slíka friðhelgi skal veita áfram jafnvel eftir að þeir hafa skilað hlutverkum sínum;
 - c) friðhelgi að því er varðar pappíra og skjöl, í hvaða mynd og úr hvaða efni sem er, sem tengjast þeim hlutverkum sem þeir gegna;
 - d) vegna samskipta til þess að geta sinnt hlutverkum sínum sem lögmenn, réttar til að taka við og senda pappíra og skjöl í hvaða mynd sem er;
 - e) undanþágu frá takmörkunum sem gilda um innflytjendur eða frá skráningu útlendinga;
 - f) undanþágu frá skoðun persónulegs farangurs nema rík ástæða sé til að ætla að í farangrinum leynist hlutir sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi aðildarríkis er óheimilt að flytja inn eða út eða skulu sæta eftirliti samkvæmt reglum þess um sóttvarnir; í slíkum tilvikum skal skoðun fara fram að hlutaðeigandi lögmanni viðstöddum;
 - g) sömu sérréttinda að því er varðar gjaldmiðla og gjaldeyris skipti og fulltrúum erlendra ríkja, sem eru í tímabundnum opinberum erindagerðum, bjóðast;

performed by them in their official capacity for the Court. Such immunity shall continue to be accorded after termination of employment with the Court for activities carried out on behalf of the Court. During their employment, they shall also be accorded such other facilities as may be necessary for the independent exercise of their functions for the Court.

Article 18

Counsel and persons assisting defence counsel

1. Counsel shall enjoy the following privileges, immunities and facilities to the extent necessary for the independent performance of his or her functions, including the time spent on journeys, in connection with the performance of his or her functions and subject to production of the certificate referred to in paragraph 2 of this article:
 - a) Immunity from personal arrest or detention and from seizure of his or her personal baggage;
 - b) Immunity from legal process of every kind in respect of words spoken or written and all acts performed by him or her in official capacity, which immunity shall continue to be accorded even after he or she has ceased to exercise his or her functions;
 - c) Inviolability of papers and documents in whatever form and materials relating to the exercise of his or her functions;
 - d) For the purposes of communications in pursuance of his or her functions as counsel, the right to receive and send papers and documents in whatever form;
 - e) Exemption from immigration restrictions or alien registration;
 - f) Exemption from inspection of personal baggage, unless there are serious grounds for believing that the baggage contains articles the import or export of which is prohibited by law or controlled by the quarantine regulations of the State Party concerned; an inspection in such a case shall be conducted in the presence of the counsel concerned;
 - g) The same privileges in respect of currency and exchange facilities as are accorded to representatives of foreign Governments on temporary official missions;

- h) sömu heimsendingaraðstöðu og er veitt stjórnarérindrekum samkvæmt Vínarsamningnum þegar alþjóðlegt hættuástand ríkir;
2. Þegar lögmaður er tilnefndur í samræmi við samþykktina, reglur um málsmeðferð og sönnun og reglur dómstólsins skal útvega honum skírteini undirritað af dómritara sem gildir þann tíma sem lögmaðurinn þarf til að skila hlutverkum sínum. Afturkalla ber skírteinið sé endi bundinn á heimild eða umboð áður en skírteinið er út runnið.
3. Sé skattlagning af einhverju tagi háð búsetu skulu tímabil, þegar lögmenn eru staddir í aðildarríki til þess að gegna hlutverkum sínum, ekki talin búsetutími.
4. Ákvæði þessarar greinar gilda að breyttu breytanda um einstaklinga sem eru verjendum til aðstoðar í samræmi við 22. reglu um málsmeðferð og sönnun.

19. gr.
Vitni.

1. Vitni skulu njóta eftirtalinnna sérréttinda, friðhelgi og aðstöðu að því marki sem er nauðsynlegt til að þau geti komið fyrir dómstólinn í því skyni að bera vitni, meðal annars á ferðum í tengslum við það að koma fyrir dómstólinn og með fyrirvara um framvísun skjalsins sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar:
- a) friðhelgi að því er varðar handtöku eða varðhald;
- b) með fyrirvara um ákvæði d-liðar hér að aftan, friðhelgi að því er það varðar að löghald sé lagt á persónulegan farangur þeirra nema rík ástæða sé til að ætla að í farangrinum leynist hlutir sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi aðildarríkis er óheimilt að flytja inn eða út eða skulu sæta eftirliti samkvæmt reglum þess um sóttvarnir;
- c) friðhelgi að því er varðar hvers kyns málarekstur vegna orða í ræðu eða riti og allra gerða þeirra meðan þau bera vitni; slíka friðhelgi skal veita áfram jafnvel eftir að þau hafa komið fyrir dómstólinn og borið vitni;
- d) friðhelgi að því er varðar pappíra og skjöl,

h) The same repatriation facilities in time of international crisis as are accorded to diplomatic agents under the Vienna Convention.

